



Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið
B.t. Hinriks Greipssonar
Skúlagötu 4
150 Reykjavík

Fjarðabyggð, 19. janúar 2012
Tilvísun 1110184/10.1

Sérstök skilyrði Fjarðabyggðar vegna byggðakvóta fiskveiðiársins 2011-2012

Með vísan til 2. greinar reglugerðar nr. 1182/2011 um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiárinu 2011/2012 er þess hér með farið á leit að ráðherra heimili sérstök skilyrði fyrir úthlutun aflamarks í Fjarðabyggð.

Ákvæði 1. gr. b of c-lið verð breytt þannig:

Bæjaryfirvöldum finnst að rétt sé að miða við dagsetningu samþykktar bæjarstjórnar á sérreglum í b og c-lið 1 greinar reglugerðar nr. 1182/2011.

- ✓ Að í b-lið verði dagsetningunni breytt úr „1. desember 2011“ í 19. janúar 2012“.
- ✓ Að c-lið verði breytt þannig að í staðinn fyrir „byggðarlagi 1. desember 2010“ verði notað „sveitarfélagi 19. janúar 2012“.

Eftirfarandi nánari (viðbótar) skilyrði verði sett í 4. gr. reglugerðarinnar:

Til að gefa fleirum kost á því að fá úthlutað byggðakvóta telur bæjarstjórn rétt að taka 37% kvótans og skipta honum jafnt milli umsækjenda, en 63% verði skipt skv. ákvæðum reglanna frá ráðuneytinu,

Að fyrstu málsgrein 4. greinar verði breytt með eftirfarandi hætti:

- ✓ Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðiárs, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, 37% byggðakvóta í Fjarðabyggð verði skipt jafnt milli þeirra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1 gr. reglugerðarinnar. 63% byggðakvótans í Fjarðabyggð verði skipt milli þeirra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1 gr. reglugerðarinnar og skal skipt hlutfallslega af því aflamarki sem fallið hefur til viðkomandi byggðarlags, hlutfallslega miðað við allan landaðan botnfiskafla í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið innan viðkomandi byggðarlags á tímabilinu 1. september 2010 til 31. ágúst 2011. Komi minna en 100 þorskígildiskíló í hlut fiskiskips samkvæmt framangreindum reglum fellur hlutur til



Þess niður og skiptist hlutur þess milli annarra fiskiskipa frá sama byggðarlagi sem uppfylla skilyrði fyrir úthlutun í samræmi við skiptingu samkvæmt úthlutunarreglum.


Að öðru leiti verði greinin óbreytt frá reglum ráðuneytisins.

Gerðar verði eftirfarandi breytingar á 6. grein reglugerðarinnar:

Bæjaryfirvöld telja mikilvægt að byggðakvótinn nýtist til sem mestrar verðmætasköpunar í sveitarfélaginu. Þar sem ekki liggur fyrir að fiskvinnslu verði til að dreifa á Stöðvarfirði og Mjóafirði er lagt til að skilyrði verði rýmkuð. Heimilað verði að vinna aflann annars staðar innan sveitarfélagsins ef ekki er unnt að vinna hann í þeim byggðarlögum sem byggðakvótanum var úthlutað til.

- ✓ Kröfunni um tvöföldun aflamarks verði sleppt.
- ✓ Í stað „Fiskiskipum er skylt að landa til vinnslu innan hlutaðeigandi byggðarlags.....“ komi „Fiskiskipum er skylt að landa innan viðkomandi byggðarlags til vinnslu innan sveitarfélagsinso.s.frv..“.

Með ofangreindum sérreglum telja bæjaryfirvöld í Fjarðabyggð að byggðakvóti á fiskveiðiárinu 2011/2012 nýtist í samræmi við þau markmið sem stefnt er að með lögum og reglugerðum


F.h. baejarstjornar Fjarðabyggðar
Páll Björgvin Guðmundsson